

Lögbirtingablað



Gefið út samkvæmt lögum nr. 64 16. des. 1943

Skrifstofa blaðsins
er í Síðumúla 29, 2. hæð,
150 Reykjavík.
Sími 560 9050. Myndsendir 568 7646.
Netfang: logbirtingabladid@dkm.stjr.is
Árg. kostar 2.500 krónur,
hvert eintak 65 krónur.

Nr. 149 94. ár

Föstudaginn 21. desember 2001

Laus störf

Vegna skipulagsbreytinga eru lausar til umsóknar eftirtalдар stöður í félagsmálaráðuneytinu:

Staða skrifstofustjóra almennrar skrifstofu.
Staða skrifstofustjóra sveitarstjórnarskrifstofu.
Staða skrifstofustjóra fjölskyldumálaskrifstofu.
Staða skrifstofustjóra jafnréttis- og vinnu-
málaskrifstofu.

Eftirfarandi kröfur eru gerðar til umsækjenda:
Háskólamenntun, víðtæk þekking á viðfangs-
efnum skrifstofunnar, forystuhæfileikar, reynsla
af stjórnun æskileg, ágæt samskiptahæfni, góð
tölvukunnátta, gott vald á íslensku máli og góð
tungumálakunnátta.

Skipað er í stöður skrifstofustjóra til fimm ára
frá og með 1. febrúar 2002.

Um launakjör fer samkvæmt ákvörðun kjara-
nefndar.

Umsóknarfrestur er til 6. janúar 2002 og
skulu umsóknir berast til félagsmálaráðuneytis,
Hafnarhúsi v/Tryggvagötu, 150 Reykjavík.

Nánari upplýsingar veitir ráðuneytisstjóri fé-
lagsmálaráðuneytis, en öllum umsóknum verður
svarað þegar ákvörðun um ráðningar hefur verið
tekin.

Félagsmálaráðuneytinu,
11. desember 2001.

(15052)

Eskifjörður.

Laus er til umsóknar staða varðstjóra hjá
embætti sýslumannsins á Eskifirði með aðsetur
á Neskaupstað. Umsóknum skal skilað til sýslu-
manns, Ingerar L. Jónsdóttur, fyrir 30. desember
2001. Jónas Vilhelmsson yfirlögregluþjónn veitir
nánari upplýsingar um stöðuna.

Reykjavík.

Lausar eru til umsóknar þrjár stöður rann-
sóknarlögreglumanna hjá embætti lögreglustjór-
ans í Reykjavík. Umsóknum skal skilað til
starfsmannastjóra, Guðmundar M. Guðmunds-
sonar, fyrir 30. desember 2001, sem jafnframt
veitir nánari upplýsingar um stöðurnar.

Ríkislögreglustjórinn.

Laus er til umsóknar staða aðstoðaryfirlög-
regluþjóns hjá embætti ríkislögreglustjórans.
Um er að ræða stöðu í tölvudeild embættisins.
Meginhlutverk er dagleg stjórn tölvudeildar,
umsjón með hugbúnaðargerð lögreglu og rekst-
ur lögreglukerfa. Þekking á sviði reksturs net-
kerfa og á landskerfum lögreglu er nauðsynleg.
Umsóknum skal skilað til embættis ríkislög-
reglustjórans, Skúlagötu 21, 101 Reykjavík, fyr-
ir 30. desember 2001. Jónmundur Kjartansson
yfirlögregluþjónn veitir nánari upplýsingar um
stöðuna.

Ráðningarkjör eru skv. kjarasamningi fjár-
málaráðherra f.h. ríkissjóðs og Landssambands
lögreglumanna. Starfshlutfall er 100%. Um-
sækjendur skulu hafa lokið prófi frá Lögreglu-
skóla ríkisins. Umsóknir sem berast eftir að um-
sóknarfresti lýkur verða ekki teknar til greina.

Auglýsing

um vísitölu neysluverðs til verðtryggingar

Hagstofan reiknar vísitölu neysluverðs til verðtryggingar sparifjár og lánsfjár skv. 1. tl. 1. mgr. b. liðar 1. gr. laga nr. 13/1995 um breytingu á vaxtalögum, nr. 25/1987, og vísitölu gagnvart fjár-
skuldbindingum tengdum lánskjaravísitölu, sem samið hefur verið um fyrir 1. apríl 1995, skv. e. lið 1. gr. laga nr. 13/1995 um breytingu á vaxtalögum, nr. 25/1987.

Eftirfarandi vísitölur gilda fyrir janúar 2002:

Vísitala neysluverðs: 219,5 stig.

Vísitala gagnvart eldri fjárskuldbindingum tengdum lánskjaravísitölu: 4.334.

Reykjavík, 12. desember 2001.

Hagstofa Íslands.

15064)

Tilkynning

um dráttarvexti og vexti af peningakröfum

Fyrsti kafli hér að neðan um dráttarvexti er birtur samkvæmt 2. mgr. 10. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, og gilda dráttarvextir sem þar eru sýndir í sex mánuði í senn frá 1. janúar og 1. júlí ár hvert. Annar kafli um almenna vexti er birtur samkvæmt 2. mgr. 10. gr., sbr. 4. og 8. gr. sömu laga og þriðji kafli samkvæmt bráðabirgðaákvæði III í sömu lögum og gilda vextir samkvæmt II. og III. kafla næsta almanaksmánuðinn eða uns næsta tilkynning birtist. Vextir sem breytast eru merktir með stjörnu (*). Innan sviga eru sýndir vextir fyrir breytingu.

Vextir alls á ári f.o.m. 1. janúar 2002	
I. Dráttarvextir af peningakröfum í krónum	
1. Grunnur dráttarvaxta ¹⁾	10,1% * (10,9%)
2. Vanefndaálag ²⁾	11,9% * (12,6%)
3. Dráttarvextir ³⁾	22,0% * (23,5%)
II. Almennir vextir	
1. Vextir óverðtryggðra lána skv. 4. gr. ⁴⁾	14,0%
2. Vextir verðtryggðra lána skv. 4. gr. ⁴⁾	7,7%
3. Vextir af skaðabótakröfum ⁵⁾	9,5%
III. Dráttarvextir af peningakröfum í erlendri mynt⁶⁾	
1. Bandaríkjadollurum	5,5%
2. Sterlingspundum	7,5%
3. Dönskum krónum	7,0%
4. Norskum krónum	10,5%
5. Sænskum krónum	7,0%
6. Svissneskum frönkum	5,5%
7. Japönskum jenum	5,0%
8. Evrum ⁷⁾	6,5%

- 1) Grunnur dráttarvaxta eru gildandi vextir algengustu skammtímalána Seðlabanka Íslands til lánastofnana, nú ávöxtun í endurhverfum verðbréfa kaupum Seðlabankans.
- 2) Vanefndaálag er ellefu hundraðshlutar, nema um annað sé samið skv. 2. mgr. 6. gr. laganna. Seðlabankanum er þó heimilt að ákveða annað vanefndaálag að lágmarki sjö hundraðshlutar og að hámarki fimmtán hundraðshlutar.
- 3) Dráttarvextir eru samtala grunns dráttarvaxta og vanefndaálags. Seðlabankinn skal birta dráttarvexti eigi skemur en viku fyrir gildistöku draga dráttarvaxta sem eru 1. janúar og 1. júlí ár hvert.
- 4) Almenna vexti skv. 3. gr. laganna skal því aðeins greiða af peningakröfu að það leiði af samningi, venju eða lögum. Þegar hundraðshluti þeirra eða vaxtaviðmiðun er að öðru leyti ekki tiltekin, skulu vextir vera á hverjum tíma jafnháir vöxtum sem Seðlabanki Íslands ákveður með hliðsjón af lægstu vöxtum á nýjum almennum óverðtryggðum útlánum hjá lánastofnunum og birtir skv. 10. gr. laganna. Þar sem um verðtryggða kröfu er að ræða skulu vextir vera jafnháir vöxtum sem Seðlabankinn ákveður með hliðsjón af lægstu vöxtum á nýjum almennum verðtryggðum útlánum hjá lánastofnunum og birtir skv. 10. gr. laganna.
- Í bráðabirgðaákvæði I í lögum nr. 38/2001 segir: „Nú segir í lánssamningi í íslenskum krónum, gerðum fyrir gildistöku laga þessara, að vextir fram að gjalddaga skuli vera breytilegir í samræmi við vegið meðaltal ársávöxtunar á nýjum almennum útlánum hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum, meðalútlánsvexti viðskiptabanka og sparisjóða eða meðalútlánsvexti sem Seðlabanki Íslands birtir, eða vísað er með öðrum almennum hætti til vaxta á markaði, og skulu þá vextir af þessum peningakröfum, eftir gildistöku laganna, vera jafnháir vöxtum skv. 1. málsl. 4. gr. að viðbættum 3,5% þegar um óverðtryggða peningakröfu er að ræða og jafnháir vöxtum skv. 2. málsl. 4. gr. að viðbættum 2,5% þegar um verðtryggða peningakröfu er að ræða.
- Nú segir í lánssamningi í íslenskum krónum, gerðum fyrir gildistöku laga þessara, að vextir fram að gjalddaga skuli vera breytilegir í samræmi við hæstu lögleyfðu vexti á hverjum tíma, hæstu vexti á markaðnum eða vísað er með öðrum almennum hætti til hæstu vaxta á markaði og skulu þá vextir af þessum peningakröfum eftir gildistöku laganna vera jafnháir vöxtum skv. 1. málsl. 4. gr. að viðbættum 4,5%, þegar um óverðtryggða peningakröfu er að ræða og jafnháir vöxtum skv. 2. málsl. 4. gr. að viðbættum 3,5% þegar um verðtryggða peningakröfu er að ræða.“
- 5) Vextir af kröfum um skaðabætur, sbr. 1. mgr. 8. gr. laganna, skulu á hverjum tíma vera jafnháir tveimur þriðju hlutum vaxta sem Seðlabanki Íslands ákveður og birtir skv. 1. málsl. 4. gr. laganna.

6) Í bráðabirgðaaðkvæði III í lögum nr. 38/2001 segir: „Nú segir í lánssamningi í erlendum gjaldmiðli, gerðum fyrir gildistöku laga þessara, að við vanskil reiknist hæstu lögleyfðu dráttarvextir eins og þeir eru á hverjum tíma, dráttarvextir samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands eða dráttarvextir samkvæmt vaxtalögum, eða vísað er með öðrum hætti til dráttarvaxta sem Seðlabankinn ákvað skv. 11. gr. laga nr. 25/1987, og skulu þá dráttarvextir þessir vera ákvarðaðir með sama hætti næstu fimm árin eftir gildistöku laga þessara, en að þeim tíma loknum skulu þeir vera janfháir þeim dráttarvöxtum í hlutaðeigandi gjaldmiðli sem síðast voru auglýstir af Seðlabankanum í Lögbirtingablaði fimm árum eftir gildistöku laganna.“

7) Sömu vextir gilda af peningakröfum í myntum aðildarlanda myntbandalags Evrópu (EMU) og í evrum.

Um leið og tilkynning þessi öðlast gildi 1. janúar 2002, fellur úr gildi tilkynning nr. 6/2001 dags. 22. nóvember 2001 um dráttarvexti og vexti af peningakröfum.

Reykjavík, 11. desember 2001.
Seðlabanki Íslands.

15080)

Tilkynning frá Fjármálaeftirlitinu

Breytingar á samþykktum Landssjóðs hf.
Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 8. gr. laga nr. 10 frá 1993 um verðbréfasjóði tilkynnir Fjármálaeftirlitið, að það hefur staðfest breytingar á samþykktum verðbréfasjóðs.
Heiti verðbréfasjóðs: Landssjóður hf.
Dagsetning breytinga: 4. desember 2001.
Greinar sem taka breytingum: Breyting á 1. lið 20. gr. samþykhta félagsins: **Íslandsbréfa-deild- „Íslandsbréf“.**
Breytingin öðlast gildi: Þegar í stað.

Reykjavík, 6. desember 2001.
Fjármálaeftirlitið.

14932)

Tilkynning um starfsleyfi alþjóðlegra viðskiptafélaga

Með vísan til 5. mgr. 5. gr. laga nr. 31/1999 um alþjóðleg viðskiptafélög, tilkynnist hér með að Barry International á Íslandi ehf. av., kt. 511001-2930, Vegmúla 3, 108 Reykjavík hefur þann 21. nóvember 2001 fengið útgefið starfsleyfi alþjóðlegs viðskiptafélags og verið skráð í skrá yfir alþjóðleg viðskiptafélög.
Fyllri upplýsingar er unnt að fá í skrá um alþjóðleg viðskiptafélög.

Með vísan til 18. gr. laga nr. 31/1999 um alþjóðleg viðskiptafélög, tilkynnist hér með að Borealis ehf. av., kt. 460999-2199, Kringlunni 6, 103 Reykjavík hefur afsalað sér starfsleyfi sem alþjóðlegt viðskiptafélag og verið afmáð af skrá yfir alþjóðleg viðskiptafélög.

Viðskiptaráðuneytinu,
11. desember 2001.

15089)

Auglýsing um óverulega breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1995-2015

Þæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum 16. október 2001, að auglýsa tillögu að breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1995-2015 samkvæmt 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Breytingin felst í því að landnotkun lóðarinnar Austurgata 11-13 verði breytt úr stofnanasvæði í íbúðarsvæði og reitur merktur S17 verði felldur út.
Tillagan verður til sýnis frá 21. desember í afgreiðslu umhverfis- og tæknisviðs, Strandgötu 8, þriðju hæð. Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugaemdir við breytingartillöguna. Frestur til að skila inn athugasemdum er til 14. janúar 2002. Þeir sem ekki gera athugasemd við tillöguna teljast samþykkir henni.

Hafnarfirði, 13. desember 2001.
Skipulagsstjóri.

15081)

Auglýsing um heildsöluverð á mjólk og mjólkurvörum frá 1. janúar 2002

Verðlagsnefnd búvöru hefur ákveðið heildsöluverð á mjólk og mjólkurvörum sem hér segir:

<i>Vörutegund</i>	<i>Heildsöluverð án vsk. kr.</i>
Mjólk í lausu máli	58,33
Mjólk í 1/1 ltr. pökkum	65,63
Mjólk í 1/1 ltr. fernum	66,48

Öllum umsóknum verður svarað af viðkomandi lögreglustjóra þegar ákvörðun um skipun, setningu eða ráðningu hefur verið tekin af ríkislögreglustjóra, eða dómsmálaráðherra, sem skipar eða setur yfir- og aðstoðaryfirlögregluþjóna.
Umsóknum skal skilað á sérstökum eyðublöðum sem fást hjá öllum lögreglustjórum. Einnig er hægt að nálgast þau á lögregluvefnum, www.logreglan.is, undir liðnum „*Eyðublöð*“.
Konur sem uppfylla skilyrðin eru sérstaklega hvattar til að sækja um.

Reykjavík, 14. desember 2001.
Ríkislögreglustjórinn.

(15083

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra á Sauðárkróki auglýsir eftir heilbrigðisfulltrúa í 50% stöðu.
Hæfniskröfur:
Háskólapróf í heilbrigðis- og umhverfiseftirliti eða skyldum greinum. Umsækjandi skal hafa réttindi til að starfa sem heilbrigðisfulltrúi, skv. reglugerð nr. 294/1995 um menntun, réttindi og skyldur heilbrigðisfulltrúa eða vera tilbúinn að afla sér þeirra.
Umsóknarfrestur er til 31. janúar 2002 og skulu skriflegar umsóknir sendar á Aðalgötu 2, 550 Sauðárkróki.
Upplýsingar veitir framkvæmdastjóri, Sigurjón Þórðarson, í síma 453 5400 eða 893 0919.

Sauðárkróki, 11. desember 2001.
Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra.

(15085

Stefna

**Jón Höskuldsson hdl.,
kt. 031056-2419,
Skólavörðustíg 12, 101 Reykjavík**

gjörir kunnugt: að hann þurfi f.h. Marie Jacqueline Belinda Chowreemootoo, kt. 061264-2649, Hólmgarði 2 a, Reykjanesbæ, 230 Keflavík, að höfða mál fyrir héraðsdómi Reykjaness á hendur Clarel Gino Medgee Chowreemootoo, fæddum 26. febrúar 1970, síðast með þekkt heimilisfang að Riche Mare, Flacq, Mauritius.

Kröfugerð: Stefnandi gerir eftirfarandi kröfur:
1. Að henni verði veittur lögskilnaður frá stefnda á grundvelli 37. gr. laga nr. 31/1993 og forsjá yfir sameiginlegri dóttur stefnanda og stefnda, Marie Aurelia Chowreemootoo, sem er fædd 21. apríl 1995.
2. Þá er gerð krafa um að viðurkennt verði með dómi að stefndi sé ekki faðir barns stefnanda, drengsins Kristins, kt. 050101-3120, Hólmgarði 2a, Keflavík.

Enn fremur er gerð krafa um málskostnað úr hendi stefnda, samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi að meðtöldum áhrifum virðisaukaskatts af þóknun til lögmanns stefnanda.

Málavextir: Stefnandi og stefndi kynntust á Mauritius-eyjum á árinu 1993 og gengu þar í hjónaband hinn 26. júlí 1994. Bjuggu stefnandi og stefndi saman í fimm ár og eignuðust dótturina Marie Aurelia Chowreemootoo, sem fædd er 21. apríl 1995.

Í októbermánuði 1998 slitu stefnandi og stefndi samvistum og flutti stefnandi þá, ásamt dótturinni Marie Aurelia, af sameiginlegu heimili þeirra til móður sinnar, en stefndi fluttist til systur sinnar sem býr að Riche Mare, Flacq á Mauritius. Stefnandi og dóttirin Marie Aurelia fluttu frá Mauritius með samþykki stefnda til Íslands og komu þær til landsins hinn 16. júlí 1999 og hafa dvalið hér samfelt síðan. Í fyrstu dvöldust mæðgurnar hjá systur stefnanda sem býr í Keflavík og hefur búið hér á landi í rúman áratug. Áður hafði stefnandi dvalið hér á landi í

rúma 10 mánuði, eða frá 7. júní 1990 til 17. apríl 1991.

Stefnandi og stefndi slitu samvistum vegna ósættis og hafa ekkert samband haft síðan. Aðilar eiga ekki önnur börn saman, en dótturina Marie Aurelia. Þá voru aðilar eignalausir við samvistarslitin. Stefnandi gerir engar kröfur á hendur stefnda um greiðslu lífeyris til sín.

Eftir að stefnandi fluttist til Íslands, kynntist hún Guðmundi Steindórssyni, kt. 240467-4969. Hófu þau sambúð í júlí 2000 og eignuðust saman drenginn Kristinn, sem er fæddur 5. janúar 2001. Þar sem barnið er fætt á hjúskapartíma stefnanda og stefnda telst stefndi faðir barnsins samkvæmt 1. mgr. 2. gr. laga nr. 20/1992.

Málsástæður og lagarök: Stefnandi byggir kröfu sína um lögskilnað á því að aðilar hafi slitið samvistir vegna ósættis og að samvistar-slitin hafi staðið um lengri tíma en tvö ár. Því eigi stefnandi rétt til lögskilnaðar með vísan til 37. gr. laga nr. 31/1993.

Krafa stefnanda um forsjá yfir dótturinni Marie Aurelia byggir á 44. gr. laga nr. 31/1993, sbr. 34. gr. laga nr. 20/1992. Telur stefnandi hagsmuni barnsins best tryggða með því að hún hafi forsjá þess, enda hefur barnið verið í hennar umsjá frá fæðingu.

Krafa stefnanda um véfengingu faðernis Kristins, f. 5. janúar 2001, byggir á 52. gr. laga nr. 20/1992. Stefnandi og stefndi voru ekki sam-vistum á getnaðartíma barnsins eins og skjöl málsins bera með sér og því ljóst að stefndi getur ekki verið faðir barnsins. Hinn raunverulegi faðir barnsins, Guðmundur Steindórsson, kt. 240467-4969, Hólmgarði 2 a, Reykjanesbæ, 230 Keflavík, er reiðubúinn að koma fyrir dóm og staðfesta skriflega yfirlýsingu sína um faðerni barnsins, sbr. 2. mgr. 54. gr. laga nr. 20/1992.

Um lögsögu íslenskra dómstóla vísast til 2. tl. 114. gr. laga nr. 31/1993, en stefnandi er hér búsett og hefur svo verið í lengri tíma en tvö ár. Um varnarþing vísast til 115. gr. laga nr. 31/1993, en stefnandi á lögheimili að Hólmgarði 2 a í Reykjanesbæ, 230 Keflavík.

Málskostnaðarkrafa stefnanda byggir á XXI. kafla laga nr. 91/1991, einkum 130. gr. Krafa stefnanda um að við ákvörðun málskostnaðar verði tekið tilliti til áhrifa 24,5% virðisauka-skatts byggir á lögum nr. 50/1988, þar sem lög-mönnum er gert að innheimta virðisaukaskatt af þóknun sinni. Stefnandi rekur ekki virðisauka-skattskylda þjónustu og því er henni nauðsynlegt að fá skattinn tildæmdan úr hendi stefnda.

Áskilnaður: Áskilinn er réttur til að leggja fram frekari gögn, nýjar málsástæður og lagarök á síðari stigum málsins.

Skýrslutökur fyrir dómi: Stefnandi mun koma fyrir dóm til skýrslutöku verði ástæða talin til. Þá er áskilinn réttur til að leiða fyrir dóm Guð-mund Steindórsson, kt. 240467-4969, Hólm-garði 2 a, 230 Keflavík og aðra þá sem veitt geta upplýsingar um málið.

Sönnunargögn: Við þingfestingu málsins verða lögð fram m.a. eftirtalin gögn: Hjúskapar-vottorð, gögn um árangurslausa birtingu stefnu, vottorð Hagstofu Íslands, vottorð Útlendinga-efirlitisins um dvalartíma, yfirlýsing um faðerni og málskostnaðarreikningur.

Fyrirkall: Fyrir því stefnist hér með Clarel Gino Medgee Chowreemootoo, fæddum 26. febrúar 1970, Riche Mare, Flacq, Mauritius, til þess að mæta á dómþingi héraðsdóms Reykja-ness, sem háð verður miðvikudaginn 23. janúar 2002, kl. 14.00 síðdegis á skrifstofu dómsins að Vatnsnesvegi 33, Keflavík, er mál þetta verður þingfest, til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, á sókn sakar og dómkröfur að hlýða, til sakar að svara og til að leggja fram gögn af sinni hálfu, en ella má búast við að útivistar-dómur gangi í málinu.

Mjólk í 1/4 ltr. fernum.....	20,67
Mjólk í 20 ltr. kössum	1.308,97
Mjólk í 10 ltr. kössum	655,88
Rjómi í lausu máli	512,24
Rjómi í 1/1 ltr. fernum.....	520,00
Rjómi í 1/2 ltr. fernum.....	261,43
Rjómi í 1/4 ltr. fernum.....	132,75
Undanrenna í 1/1 ltr. fernum	65,56
Skyr, pakkað eða ópakkað.....	167,48
1. flokks mjólkurbússmjör	358,63
2. flokks mjólkurbússmjör	314,42
Heimasmjör	297,28
Ostur 45%	693,53
Ostur 45% í heilum stykkum.....	693,53
Ostur 45% í hálfum stykkjum	693,53
Ostur 30%	649,73
Ostur 30% í heilum stykkjum.....	649,73
Ostur 30% í hálfum stykkjum	649,73
Nýmjólkurduft	781,82
* Nýmjólkurduft til iðnaðar.....	338,44
Undanrennuduft	404,68
* Undanrennuduft til iðnaðar.....	328,07

* Nýmjólkurduft og undanrennuduft til iðnfyrirtækja annarra en þeirra sem framleiða mjólkurvörur.

Reykjavík, 13. desember 2001.
Bændasamtök Íslands.

15088)

Nauðungarsölur

Hafnarfjörður

Eftirtalдар beiðnir um nauðungarsölu til fullnustu kröfum um peningagreiðslu verða teknar fyrir á skrifstofu embættisins að Bæjarhrauni 18, Hafnarfirði, föstudaginn 1. febrúar 2002 kl. 10.00, hafi þær ekki áður verið felldar niður:

Heiti eignar:	Gerðarþoli (-ar):	Gerðarbeiðandi (-beiðendur):	Fjárhæðir krafna í krónum:
Austurgata 27, 0201 14862)	Sigurlína H. Guðbjörnsdóttir	Hafnarfjarðarbær	83.261
Álfaskeið 86-88, 0405 14863)	Jóhanna Ólafsdóttir	Hafnarfjarðarbær og Lífeyrissjóðurinn Framsýn	293.009
Álfholt 32, 0301 14864)	Heiða Emilsdóttir	Ingvar Helgason hf.	538.888
Ásgarður (800), Garðabæ 14865)	Bitabær ehf.	Garðabær	174.839
Breiðvangur 20, 0201 14866)	Guðrún Erla Gunnarsdóttir	Hafnarfjarðarbær og Lífeyrissjóður starfsm.rík. B-deild	210.771
Brekkgata 24 14867)	Guðmundur Halldórsson og Guðlaug Helga Herbertsdóttir	Hafnarfjarðarbær og Sparisjóður Hafnarfjarðar	610.008
Burknaberg 10 14868)	Guðríður Svavarsdóttir	Hafnarfjarðarbær	356.378
Bæjarhraun 12, 0101 14869)	GP húsgögn ehf.	Hafnarfjarðarbær	1.018.699
Dalshraun 3, 0102 14870)	Kremgerðin ehf.	Hafnarfjarðarbær	314.074
Engjahlíð 5, 0304 14871)	Daði Bragason og Inga Jóhannsdóttir	Engjahlíð 5, húsfélag og Hafnarfjarðarbær	183.313
Eyraholt 6, 0601 14872)	Lovísa Guðmundsdóttir	Sjóvá-Almennar tryggingar hf.	402.478
Fjarðargata 13, 0205 14873)	Agnes ehf.	Hafnarfjarðarbær	360.823

Heiti eignar:	Gerðarþoli(-ar):	Gerðarbeiðandi (-beiðendur):	Fjárhæðir krafna í krónum:	
Fjarðargata 13, 0212, 14874)	Fótspor ehf.	Hafnarfjarðarbær	307.823	Mæti stefndi ekki við þingfestingu málsins má hann vænta þess að útivistardómur geti gengið í málinu í samræmi við kröfur stefnanda. Stefnufrestur ákveðst einn mánuður. Reykjavík, 7. desember 2001. F.h. stefnanda, Jón Höskuldsson hdl. (14930 Innkallanir Með úrskurði héraðsdóms Austurlands, upp- kveðnum 6. desember 2001, var bú Trésmiðju Djúpavogs ehf., kt. 550889-1029, Strandgötu 52, Eskifirði, tekið til gjaldþrotaskipta. Frest- dagur við gjaldþrotaskiptin er 21. september 2001. Hér með er skorað á alla þá sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá birtingu þessarar innköll- unar. Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Hafnarbraut 40, 780 Hornafirði. Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun að eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra þriðjudaginn 5. mars 2002 kl. 10.00. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi síðustu viku fyrir skiptafundinn. Hornafirði, 6. desember 2001. F.h. Sigríðar Kristinsdóttur hdl. Guðrún El. Árnadóttir lögfr. (14943 a Með úrskurði héraðsdóms Vestfjarða, upp- kveðnum þann 5. desember 2001, var bú Eddu Proppé Þórðardóttur, kt. 050645-4549, Fjarðargötu 8, Þingeyri, tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu. Frestdagur við skiptin er 28. september 2001. Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða telja til eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessarar inn- köllunar. Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Aðalstræti 24, pósthólf 327, 400 Ísafirði. Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Aðalstræti 24, 3. hæð, Ísafirði, miðvikudaginn 13. mars 2002 kl. 10.00. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi síðustu viku fyrir boðaðan skiptafund á skrif- stofu skiptastjóra. Ísafirði, 6. desember 2001. Björn Jóhannesson hdl. (14945 a Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur, upp- kveðnum 6. desember 2001, var bú Kjöts ehf., kt. 540989-1339, Grensásvegi 48, Reykjavík, tekið til gjaldþrotaskipta. Frestdagur við skiptin er 3. desember 2001. Hér með er skorað á lánardrottna og aðra þá, sem telja sig eiga kröfur á hendur búinu eða muni í vörslum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar. Kröfu- lýsingar skal senda til undirritaðs skiptastjóra, Kristjáns Ólafssonar hrl., Húsi verslunarinnar, Kringlunni 7, 103 Reykjavík. Skiptafundur til að fjalla um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á ofangreindri skrifstofu undirritaðs, Húsi verslunarinnar, Kringlunni 7, 103 Reykjavík, miðvikudaginn 6. mars 2002 kl. 14.00 síðdegis. Skrá yfir lýstar kröfur mun liggja þar frammi síðustu vikuna fyrir fundinn. Reykjavík, 10. desember 2001. Kristján Ólafsson hrl. (14947 a
Fjarðargata 9a, pylsubar 14875)	H-Grund ehf.	Húsasmiðjan hf.	192.032	
Garðatorg 7, 0206, Garðabæ 14876)	Björgvin Ottó Kjartansson, Þuríður Jónsdóttir og Íslenskir aðalverktakar hf.	Lífeyrissjóðurinn Framsýn	180.689	
Gjótuhraun 6, 0103 14877)	Markús Jóhannsson	Hafnarfjarðarbær	278.809	
Grænavatn, Krýsuvík 14878)	Grænavatn ehf., Garðabæ	Hafnarfjarðarbær	37.262	
Hellisgata 22, 0001 14879)	Jón Grímke­ll Pálsson	Hafnarfjarðarbær	70.344	
Helluhraun 6, 0103 14880)	Hrönn Karitas Bjarnadóttir og Sveinbjörn Ingi Guðmundsson	Lánasjóður íslenskra námsmanna og Sparisjóður Hafnarfjarðar	1.150.747	
Holtabyggð 5, 0102 14881)	Pétur Orri Haraldsson og Erla Kristín Hallsdóttir	Hafnarfjarðarbær	116.174	
Hraunbrún 24, 0101, eignarhl. gerðarþola 14882)	Jakob Kristjánsson	Fróði hf.	129.657	
Hverfisgata 9 14883)	Sigmundur H. Valdimarsson	Lífeyrissjóðurinn Framsýn	1.452.259	
Hörgslundur 5, Garðabæ 14884)	Lovísa Guðmundsdóttir	Garðabær	199.129	
Klukkuberg 3A, 0101 14885)	Karl Lúðvíksson	Hafnarfjarðarbær	131.033	
Klukkuberg 7 14886)	Jónas Karl Harðarson og Vilborg Reynisdóttir	Hafnarfjarðarbær	246.527	
Langamýri 35, Garðabæ 14887)	Óli Guðjón Ólafsson	Garðabær	278.719	
Laufás 1, 0301, Garðabæ 14888)	Guðný Kristín Snæbjörnsdóttir	Garðabær	114.441	
Lóuhraun 3 14889)	Auðunn Jóhann Guðmundsson	Hafnarfjarðarbær	3.553.995	
Lyngás 10A, 0106, Garðabæ 14890)	Vilhjálmur Húnfjörð ehf.	Garðabær	130.358	
Lyngberg 31 14891)	Grétar Franksson	Hafnarfjarðarbær	307.131	
Lækjarberg 44 14892)	Guðný Björg Kristjánsdóttir	Hafnarfjarðarbær	213.730	
Miðhraun 13, Garðabæ 14893)	Garðabær	Garðabær	145.875	
Miðhraun 2, Garðabæ 14894)	Miðhraun 2-4 ehf.	Garðabær	391.061	
Norðurvangur 32, 0101 14895)	Þórður Rafn Stefánsson	Íslandsbanki-FBA hf.	3.881.127	

Með úrskurði héraðsdóms Norðurlands eystra, uppkveðnum 12. desember 2001, var Flóka ehf., kt. 550769-7709, Árholti 16, 640 Húsavík, veitt heimild til að leita nauðasamnings. Félagið hefur frá því að það var stofnað starfað að útgerð og skyldum rekstri.

Hér með er skorað á alla þá, sem telja sig eiga samningskröfur samkvæmt 1. mgr. 29. gr. laga nr. 21/1991 á hendur Flóka ehf., að lýsa þeim fyrir undirrituðum umsjónarmanni með nauðasamningsumleitunum innan fjögurra vikna frá fyrri birtingu þessarar innköllunar. Kröfulýsingar skulu sendar á nafn umsjónarmanns að Strandgötu 29, 600 Akureyri.

Fundur verður haldinn með þeim lánardrottnum, sem eiga atkvæðisrétt um samningsfrumvarp skuldarans, á skrifstofu undirritaðs að Strandgötu 29, 600 Akureyri, þriðjudaginn 25. janúar 2002, kl. 10.00, til þess að greiða þar atkvæði um frumvarpið.

Akureyri, 12. desember 2001.
Jón Kr. Sólnes hrl.

(15082 a

Með úrskurði héraðsdóms Norðurlands eystra, uppkveðnum þann 6. desember 2001, var bú Þóris Jónssonar, kt. 120365-5339, Hálsvegi 4, 680 Þórshöfn tekið til gjaldþrotaskipta. Frestdagur við skiptin er 13. nóvember 2001. Var undirrituð skipuð skiptastjóri þrotabúsins þann 6. desember 2001.

Hér með er skorað á alla þá sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í þrotabúinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessarar innköllunar. Kröfulýsingar skulu sendar til skrifstofu skiptastjóra að Garðarsbraut 5, 640 Húsavík.

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins, verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Garðarsbraut 5, Húsavík, miðvikudaginn 6. mars árið 2002 kl. 11.30.

Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi síðustu viku fyrir skiptafundinn.

(15086 a

Með úrskurði héraðsdóms Norðurlands eystra, uppkveðnum þann 6. desember 2001, var bú Korts og kynningar ehf., kt. 431298-2959, Höfðabrekku 11, Húsavík, tekið til gjaldþrotaskipta. Frestdagur við skiptin er 19. nóvember 2001. Var undirrituð skipuð skiptastjóri þrotabúsins þann 6. desember 2001.

Hér með er skorað á alla þá sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í þrotabúinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessarar innköllunar. Kröfulýsingar skulu sendar til skrifstofu skiptastjóra að Garðarsbraut 5, 640 Húsavík.

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins, verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Garðarsbraut 5, Húsavík, miðvikudaginn 6. mars árið 2002 kl. 11.00.

